

Fundur var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar miðvikudaginn 02. febrúar 2021 kl: 20:00

Á fundinn mættu:

Laufey Helga Árnadóttir
Atli Már Gunnarsson
Daði Rúnar Einarsson
Brynja Mjöll Ólafsdóttir
Adam Geir Gústafsson
Ása Gunnarsdóttir

Fyrsta mál á dagskrá: Kosning formanns

Þar sem Rán er hætt sem formaður vegna flutninga þarf að kjósa nýjan formann. Brynja Mjöll kemur inn í staðin fyrir Rán og hún tilhefnir Atla Má sem nýjan formann og nefndin samþykkir það.

Annað mál á dagskrá: Fundargerð ungmennaráðs

Fundagerð frá nýju ungmennaráði rædd og samþykkt. Rætt um mögulegan stað fyrir krakka á framhaldsskólaaldri til að hittast. Stungið upp á opnu húsi, svipað fyrirkomulag eins og í Styk-kishólmi (í félagsmiðstöðinni þar).

Þriðja mál á dagskrá: Málefni félagsmiðstöðvar

Pétur Steinar sem ráðinn var í haust er hættur í félagsmiðstöðinni. Birgir Vilhjálmsson var ráðinn í stað hans. Ungmennaráð kom með þá hugmynd að fá félagsmiðstöðina með í leigja tölvur fyrir rafíþróttadeild sem á að stofna. Rætt um nýja staðsetningu félagsmiðstöðvarinnar og ákveðið að hittast öll í nýja húsnæðinu til að skoða og ákveða uppsetningu/útlit.

Fjórdða mál á dagskrá: Heilsuvika

Viljum færa heilsuvikuna þar til í haust, bæði vegna Covid ástands og við teljum það almennt vera hentugri tími. Það er möguleiki á að fá rafræna fyrirlestra og uppákomur núna í vor en ekki talið spennandi. Stefnum á að fá fyrirtæki í Snæfellsbæ til að taka virkan þátt í dagskránni í haust. Fá heilsufarsmælingar inn næsta haust. Stefnit á að hafa heilsuáttak í mars sem væri einstaklingsmiðað. Vinsælasta hugmyndin sem kom upp var að hafa frítt í sund í mars og hafa "sundkeppni" milli íbúa.

Fundi slitið kl: 21:40